



Farskólinn

miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

ÁRSSKÝRSLA 2017



30. apríl 2018
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Bryndís Kristín Þráinsdóttir

Ljósmynd á forsíðu:
Myndin er tekin við útskrift af leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréfi í maí 2017. Nanna Andrea Jónsdóttir
afhendir Guðríði Helgu Tryggvadóttur viðurkenningarskjal sitt.
Ljósmynd: Farskólinn.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. Um Farskólann | 5 |
| Stofnun og stofnaðilar..... | 5 |
| Stjórn og varastjórn | 6 |
| Starfsfólk | 7 |
| Leiðbeinendur og verktakar | 8 |
| 2. Fjárframlög 2017..... | 9 |
| 3. Um fræðslustarfið í tölum | 11 |
| Námskeið | 11 |
| Námsmenn..... | 14 |
| 4. Fræðslustarfið..... | 17 |
| Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins | 17 |
| Starfstengd námskeið – námskeið til að efla persónulega færni | 19 |
| Nám í fisktækni - Grunnmenntaskólinn | 20 |
| Íslenska fyrir útlendinga..... | 21 |
| Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra..... | 23 |
| Nám í svæðisleiðsögn | 24 |
| Tómstundanámskeið..... | 25 |
| 5. Náms- og starfsráðgjöf..... | 27 |
| Náms – starfsráðgjöf - tölfræði | 27 |
| Menntun og búseta ráðþega 2017 | 28 |
| 6. Raunfærnimat | 31 |
| 7. Háskólanám..... | 33 |
| 8. Húsnæði og búnaður | 35 |
| 9. Gæðastarf..... | 37 |
| 10. Önnur verkefni..... | 39 |
| Fræðslustjóri að láni | 39 |
| Markviss | 39 |
| 11. Samstarf..... | 41 |
| 12. Starfið framundan..... | 45 |
| 13. Lokaorð | 47 |
| Fylgiskjöl..... | 49 |


1. Um Farskólann

STOFNUN OG STOFNAÐILAR

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Skólinn varð því 25 ára árið 2017. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Formlegir stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, sveitarfélagið Skagaströnd, Akrahreppur og sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu. Verslunarmannafélag Skagfirðinga, Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki, Fisk Seafood hf., Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Hólaskóli – háskólinn á Hólum.

Starfssvæði Farskólans nær frá Hrutafirði í vestri (með gamla Bæjarhreppi) og til miðs Tröllaskaga í austri. Norðurland vestra er 13.091 km² eða 12,7% af flatarmáli Íslands. Sjá mynd 1. Undanfarin ár hefur íbúum á Norðurlandi vestra fækkað. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru íbúar á Norðurlandi vestra 7.156 þann 1. janúar árið 2017.



Mynd 1. Myndin sýnir starfssvæði Farskólans

STJÓRN OG VARASTJÓRN

Samkvæmt skipulagsskrá sitja fimm aðalmenn í stjórn Farskólans og er hún kosin til tveggja ára í senn. Ný stjórn var kosin á aðalfundi Farskólans 10. maí 2017. Formaður stjórnar er Guðmundur Finnbogason frá stéttarfélaginu Samstöðu. Árið 2017 voru haldnir þrjú formlegir stjórnarfundir. Auk þess var aðalfundur haldinn 10. maí og vorkundur Farskólans, sem var stefnumótunarfundur, var haldinn í Kvennaskólanum á Blönduósi 13. júní. Framkvæmdastjóri upplýsti stjórnarmenn reglulega um starfsemina. Sjá töflu 1:

Tafla 1. Stjórn Farskólans 2017.

| Stofnun / samtök | Aðalfulltrúar | Varafulltrúar |
|------------------------------------|--------------------------|----------------------|
| Stéttarfélög | Guðmundur Finnbogason | Þórarinn Sverrisson |
| Fyrirtæki og stofnanir | Guðrún Sighvatsdóttir | Herdís Klausen |
| Sveitarfélög | Halldór G. Ólafsson | Þóra Sverrisdóttir |
| Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Ingileif Oddsdóttir | Þorkell Þorsteinsson |
| Hólaskóli – háskólinn á Hólum | Erla Björk Örnólfsdóttir | Hjördís Gísladóttir |



Frá aðalfundi Farskólans 2017. Frá vinstri: Þórarinn Sverrisson, Öldunni og fráfarandi formaður stjórnar, Guðrún Sighvatsdóttir, Stefanía Garðarsdóttir, Einar Andri Gíslason, Guðmundur Finnbogason, Erla Björk Örnólfsdóttir, Magnús Magnússon, Þorkell Þorsteinsson, Þóra Sverrisdóttir og Bryndís Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri Farskólans. Ljósmynd: Farskólinn.

STARFSFÓLK

Árið 2017 störfuðu fimm fastir starfsmenn hjá Farskólanum í tæplega fimm stöðugildum: Tveir starfsmenn til viðbótar störfuðu fyrir Farskólann, annar í bókhaldi og kom frá bókhaldsstofunni KOM og hinn sá um að vakta kvöldnámskeið á Faxatorgi á Sauðárkróki og fylgjast með húsnæði og tæknimálum. Starfsmenn voru:

- Bryndís Kristín Þráinsdóttir: Framkvæmda- og verkefnastjórn.
- Nanna Andrea Jónsdóttir: Símsvörun, utanumhald skráninga, reikningar.
- Halldór B. Gunnlaugsson: Verkefnastjórn; námskeið fyrir atvinnulífið, háskólanám, kennsla.
- Jóhann Ingólfsson: Verkefnastjórn; íslenskunámskeið, háskólanám, tæknimál, kennsla.
- Sandra Hilmarsdóttir: Verkefnastjórn; náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, námskeið fyrir Fjölmennt, kennsla.
- Sunna Dögg Þorsteinsdóttir: Gæsla á kvöldnámskeiðum.
- Margrét Guðmundsdóttir hjá KOM, bókhaldsstofu: Bókhald.

Gígja Símonardóttir fór í barneignarleyfi í lok apríl og leysti Nanna Andrea hana af.

Auk fastráðinna starfsmann störfuðu rúmlega 100 verktakar við kennslu og önnur verkefni. Lögð er áhersla á að fá til liðs við Farskólann fagmenntaða aðila sem eru sérfræðingar hver á sínu sviði hvort sem um er að ræða leiðbeinendur eða matsaðila í raunfærnimati svo dæmi séu tekin.



Frá lautarferð starfsmanna Farskólans á skotsvæði Ósmanns í júní 2017. Frá vinstri: Bryndís, Sandra, Jóhann og Nanna Andrea. Á myndina vantar Halldór Gunnlaugsson. Mynd: Farskólinn.

LEIÐBEINENDUR OG VERKTAKAR

Í gæðahandbók Farskólans 2016 – 2017 sem birt er á heimasíðu skólans segir: „Farskólinn leitast við að ráða leiðbeinendur sem hafa fagmenntun/sérfræðipækkingu og/eða kennsluréttindi á því sviði sem kennt er s.s. ef um réttinda- eða einingabært nám er að ræða. Ef ekki fæst leiðbeinandi með kennsluréttindi eða einstaklingur með fagmenntun til verksins er leitast við að ráða eins hæfan einstakling og mögulegt er. Í öðru námi svo sem eins og á tómstundanámskeiðum er horft til sérfræðipækkingar og færni leiðbeinandans án formlegrar menntunar á því sviði“ (Gæðahandbók Farskólans 2016 – 2017).

Langflestir þeirra sem leiðbeina á námskeiðum Farskólans eru verktakar. Þeir verktakar sem komu að kennslu á „félagsliðabrú“ og á „leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabrú“ voru flestir framhaldsskólakennarar. Það sama má segja um leiðbeinendur í námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“. Leiðbeinendur á íslenskunámskeiðum voru grunnskólakennarar ásamt einum framhaldsskólakennara. Í námsleiðinni „grunn nám fyrir starfsfólk í fiskvinnslu“ komu leiðbeinendur úr atvinnulífinu og voru sérfræðingar hver á sínu sviði. Nánar verður fjallað um leiðbeinendur í tengslum við umfjöllun einstakra verkefna.

Verkefnastjórar Farskólans gera verktakasamninga við leiðbeinendur á stærri námskeiðum þar sem fram koma: heiti verkefnis, nafn verktaka, kennitala og bankaupplýsingar, verktakagreiðslur, vísan í gæðamál og hvernig skuli fara með greiðslur til hins opinbera.



Myndin sýnir tvo af ótalmörgum leiðbeinendum Farskólans í góðum gír við upphaf verkefnis. Báðir kenndu þeir í námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“ skólaárið 2017 – 2018. Til vinstri: Gísli Árnason, framhaldsskólakennari, en hann kenndi stærðfræði og Þorkell Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari FNV, sem kenndi ensku. Á milli þeirra stendur Bryndís Þráinsdóttir.

2. Fjárframlög 2017

Í þessum kafla er fjallað um styrki og fjárframlög til Farskólans frá hinu opinbera með áherslu á mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslusjóð og stofnaðila Farskólans. Nánar er fjallað um fjárframlög samhliða umfjöllun um einstök verkefni síðar í ársskýrslunni.

Á fjárlögum fyrir árið 2017 fékk Farskólinn styrki til reksturs Farskólans og eflingar háskólanáms að upphæð 31,8 milljónir króna og viðbótarframlag að upphæð 2,8 milljónir króna. Farskólinn fékk framlög úr Fræðslusjóði til að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Farskólinn var einnig í samstarfi við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2016. Sjá töflu 2.

Tafla 2. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Farskólans árið 2017.

| Framlag frá | Verkefni | Styrkuppþæð |
|------------------------------------|--|---------------------|
| Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Rekstur Farskólans, ýmis verkefni, háskólanám. | 31.800.000,- |
| | Viðbótarframlag nýtt til verkefna á sviði ráðgjafar og raunfærnimats. | 2.835.000,- |
| | Íslenska fyrir útlendinga (Rannís). | 1.920.000,- |
| Stofnaðilar | Greitt vildargjald stofnaðila | 1.505.600,- |
| Fræðslusjóður | Vottaðar námsleiðir FA, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat (eftir leiðréttingu/endurgreiðslu). | 19.470.649,- |
| Samtals: | | 57.531.249,- |

Framlög frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu


Nýr samningur var undirritaður við mennta- og menningarmálaráðuneytið 18. desember 2014, sem gildir til 31. desember 2018. Í samningnum segir meðal annars í 1. grein, um markmið og starfsemi, að Farskólinn mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Farskólinn skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila ... vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir ... miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur

framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“ (Úr samningi við Mennta og menningarmálaráðuneytið árið 2014).

Á Fjárlögum 2017 var framlag til Farskólans samtals 31,8 milljónir króna. Farskólinn fékk viðbótarframlag á haustdögum 2017 upp á rúmlega 2,8 milljónir króna. Það framlag var að mestu leyti nýtt til verkefna á sviði ráðgjafar og raunfærnimats.

Samkvæmt samningnum í gegnum svokallaða Norðvesturnefnd frá árinu 2008 er gert ráð fyrir einu stöðugildi hjá Farskólanum til að efla háskólanám á Norðurlandi vestra. Fjármunir vegna þess komu til Farskólans með áðurnefndum samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mynd 2 sýnir rekstrartölur Farskólans frá árinu 2007 til ársins 2017 og sýnir myndin vel hversu umfang starfseminnar hefur aukist á tímabilinu. Nánari skýringar eru í ársreikningi fyrir 2017.




Mynd 2. Myndin sýnir rekstrartölur í þúsundum króna árin 2007 – 2017.

3. Um fræðslustarfið í tölum

NÁMSKEIÐ

Námskeið Farskólans eru gerð upp tvisvar á ári; við lok vorannar og við lok haustannar. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast sem tvö námskeið (fyrri hluti og seinni hluti).

Árið 2017 voru haldin samanlagt 112 námskeið af öllum stærðum og gerðum; 62 námskeið á vorönn og 50 námskeið á haustönn. Í viðauka eru öll námskeiðin talin upp ásamt nánari upplýsingum um þau. Námskeiðum fjölgaði um 28 á milli ára eða um 33%. Skýringin á þessari aukningu er að starfstengdum námskeiðum fyrir fyrirtæki og stofnanir, sem haldin voru í kjölfar „Fræðslustjóri að láni“, hélt áfram að fjölga. Sjá nánar á mynd 3.




Mynd 3. Myndin sýnir fjölda námskeiða á hverju ári frá 2008 – 2017.

Námskeiðsflokkar

Námskeið Farskólans árið 2017 voru flokkuð í eftirfarandi fimm flokka.

- Vottaðar námsleiðir FA sem voru fjármagnaðar af Fræðslusjóði.
- Námskeið sem tengdust störfum fólks eða voru til að efla persónulega færni þess.
- Íslenskunámskeið sem styrkt voru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Rannís).
- Námskeið sem styrkt voru af Fjölmennt og ætluð skjólstæðingum þeirra.
- Tómstundanámskeið.


Farskólinn leggur mesta áherslu á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir FA fyrir markhópin og nám sem tengist störfum fólks úti í atvinnulífinu. Starfstengdum námskeiðum fjölgaði um 17 á milli ára eða um 33%. Sjá nánar um fjölda námskeiða í hverjum flokki á mynd 4.



Mynd 4. Myndin sýnir fjölda námskeiða eftir flokkum frá árinu 2013.

Fjöldi námskeiða eftir þéttbýlisstöðum


Flest námskeið voru haldin í Skagafirði eða 81 námskeið og þar af 78 á Sauðárkróki. Á Hvammstanga voru haldin 6 námskeið og 17 á Blönduósi. Sjö námskeið voru kennd í gegnum Skype. Má þar nefna Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré, Félagsliðabré, Grunnmenntaskólann og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum. Sjá nánar á mynd 5.



Mynd 5. Myndin sýnir hvar námskeið voru haldin árið 2017.

Kennslu- og nemendastundir

Árið 2017 voru kennslustundir á námskeiðum **2.222** (1.692 árið 2016) að tölu. Hver kennslustund var 40 mínútur að lengd. Árið 2017 voru nemendastundir **21.234** (19.064 árið 2016). Nemendastundum fjölgaði um 11% á milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda þátttakenda og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman. Sjá nánar á mynd 6




Mynd 6. Fjöldi nemendastunda eftir námskeiðsflokkum frá árinu 2013.

NÁMSMENN

Fjöldi námsmanna, kynjaskipting og aldur

Árið 2017 stunduðu **1133** námsmenn nám (1123 árið 2016) í Farskólanum. Konur voru 892 og karlar voru 241. Karlar eru rúmlega 20% námsmanna. Sjá mynd 7.




Mynd 7. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá árinu 2006.

Árið 2017 var meðalaldur námsmanna Farskólans **47 ár** (47 ár árið 2016). Flestir námsmenn voru 57 ára. Elsti námsmaðurinn var 88 ára (79 ára árið 2016) og sótti hann tölvunámskeiði eldri borgara og sá yngsti var 17 ára (17 ára 2016).

Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem komu oftast en einu sinni á námskeið þá voru námsmenn eða kennitölur **833** að tölu.

Skipting námsmanna eftir námskeiðsflokkum


Þátttakendum á starfstengdum námskeiðum fjölgaði verulega á milli árunna 2015 og 2016 og var skýringin sú að þá var Farskólinn farinn að skipuleggja og halda utan um námskeið í kjölfar „Fræðslustjóra að láni“. Árið 2017 fækkaði námsmönnum í þessum hópi um 15%. Sjá mynd 8.



Mynd 8. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir námskeiðsflokkum frá árinu 2013.

Búseta námsmanna

Flestir námsmenn Farskólans koma frá Sauðárkróki eða 589 námsmenn en það eru 52% námsmanna. Frá Varmahlíð komu 122 námsmenn og frá Blönduósi komu 152. Sjá nánar mynd 9 sem sýnir hvar námsmenn áttu lögheimili.



Mynd 9. Myndin sýnir búsetu þeirra námsmanna sem sóttu námskeið í Farskólanum árið 2017.

4. Fræðslustarfið

Árið 2017 gaf Farskólinn út tvo námsvísa þar sem námskeið voru auglýst og þjónusta skólans vandlega kynnt ásamt því að tekin voru viðtöl við fyrrum námsmenn Farskólans, þau Eddu Maríu Valgarðsdóttur og Ólaf Björn Stefánsson. Edda María útskrifaðist sem leikskóla- og stuðningsfulltrúi vorið 2017 og hún mun útskrifast sem félagsliði vorið 2018. Ólafur Björn útskrifaðist sem meistari í pípulögnum vorið 2017 eftir að hafa stundað nám á námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bróklegum greinum“.



„Boðið var upp á raunfærnimat í sex áföngum á leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabru árið 2015. Ég stóðst þá alla og stytta það námið mitt töluvert. Mér finnst þetta fyrirkomulag mjög sniðugt og það eflir bara sjálfstraustið hjá manni. Á haustönn 2016 fór Farskólinn af stað með nám á Félagssliðabru og þar sem ég hafði verið búin að vinna hjá löðu þá var ég búin að ávinna mér réttindi til að sækja þetta nám líka og það gekk upp að vera bæði í leik- og stuð og í félagsliða náminu, þar sem það var kennt sitthvort kvöldið“.

Edda María Valgarðsdóttir, viðtal í námsvísi vorið 2017.



„Farskólinn er klárlega skóli fyrir fólk sem hefur einhverja löngun til að fara að mennta sig. Jafnvel fyrir þá sem eru búnir að afskrifa sig sem menntaða manneskju. Farskólinn kom mér klárlega af stað og án hans væri ég ekki meistari í pípulögnum“.

Ólafur Björn Stefánsson, viðtal í námsvísi haustið 2017.

VOTTAÐAR NÁMSLEIÐIR FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Árið 2017 námu framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða 12.930.000 kr. (12,1 millj. 2016) Markmið ársins 2017 náðust ekki varðandi nýtingu fjármagns frá Fræðslusjóði. Farskólinn

endurgreiddi Fræðslusjóði 102.571 kr. Framlag til vottaðra námsleiða var því eftir uppgjör **12.827.429 kr.** árið 2017.

Árið 2017 voru kenndar í Farskólanum sjö vottaðar námsleiðir FA. Mennta- og menningarmála- ráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námsleiðirnar til framhaldsskólæininga. Sjá töflu 3.

Tafla 3. Taflan sýnir vottaðar námsleiðir, fjármagnaðar af Fræðslusjóði, sem kenndar voru árið 2017.

| Námsleið FA | Hlutfall * | Hvar haldin | Athugasemdir |
|--|------------|-----------------------------|----------------------|
| Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré | 25% | Sauðárkrókur, Blönduós. | Skype. |
| Félaggliðabré | 50% | Sauðárkr., Hva., Blö, Skag. | Skype. |
| Grunnmenntaskólinn – Fisktækni | 50% | Sauðárkrókur. | Hluti Fisktæknináms. |
| Landnemaskólinn | 50% | Sauðárkrókur. | Erlendir námsmenn. |
| Skref til sjálfshjálpar | 50% | Hvammstangi. | Erlendir námsmenn. |
| Grunnnám fyrir starfsfólki í fiskvinnslu | 100% | Sauðárkrókur. | Starfsfólk FISK. |
| Nám og þjálfun í alm bóklegum greinum | 30% | Sauðárkrókur | Upptök. fyrir sjóm. |

*Þessi dálkur sýnir hversu stór hluti námsleiðarinnar var kenndur árið 2017.

Í vottuðu námsleiðum FA stunduðu samtals 94 einstaklingar (94 árið 2016) nám og þar af voru 35 útlendingar en þeir voru þátttakendur í námsleiðunum „Landnemaskólinn“, „Grunnnám fyrir starfsfólk í fiskvinnslu“ og „Skref til sjálfshjálpar“. Sara Níelsdóttir, framhaldsskólakennari sá að mestu leyti um kennslu Landnemaskólans auk gestakennara. Á námskeiði fyrir fiskvinnslustarfsfólk komu sérfræðingar að kennslu; bæði heimafólk og leiðbeinendur frá Fisktækniskóla Íslands. Sigrún Þórisdóttir, grunnskólakennari kenndi í námsleiðinni „Skref til sjálfshjálpar“.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré ásamt Félaggliðabré voru kenndar í samstarfi við SÍMEY – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Í maí útskrifuðust frá Farskólanum 15 leikskólaliðar og 13 af þeim útskrifðuðust einnig sem stuðningafulltrúar. Leiðbeinendur komu langflestir frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Verkefnastjórar voru Jóhann Ingólfsson og Sandra Hilmarsdóttir.

Grunnmenntaskólinn var „bóklegur hluti“ Fisktæknináms en það nám var haldið í samstarfi Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, Farskólans, Fisktækniskóla Íslands og FISK Seafood hf. Námsmenn koma til með að útskrifast frá FNV vorið 2018 sem fisktæknar. Leiðbeinendur í Grunnmenntaskólanum vorið 2017 voru: Ásdís Hermannsdóttir, grunnskólakennari, Gísli Árnason, framhaldsskólakennari og Eva Óskarsdóttir, framhaldsskólakennari. Halldór Gunnlaugsson var verkefnastjóri Grunnmenntaskólans.



Ljósmyndin er tekin af útskriftarhópi úr leikskólaliða- og stuðningafulltrúabru vorið 2017. Ljósmynd: Farskólinn.

Verkefnastjórar Farskólans skrifa ítarlegar skýrslur um öll fræðsluverkefni sem fjármögnuð eru af Fræðslusjóði og birta þar meðal annars niðurstöður úr námskeiðsmati og umsagnir leiðbeinenda.

STARFSTENGD NÁMSKEIÐ – NÁMSKEIÐ TIL AÐ EFLA PERSÓNULEGA FÆRNI

Árið 2017 lagði Farskólinn mikla áherslu á námskeið tengd störfum fólks. Farskólinn skipulagði og hélt utan um námskeið sem tóku mið af fræðsluáætlun hjá HSN – Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Blönduósi og Sauðárkróki. Það verkefni var unnið í góðu samstarfi þriggja fræðslu- og símenntunarmiðstöðva; Farskólans, SÍMEY – símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og Þekkingarnets Þingeyinga. Leiðbeinendur komu víða að og voru sérfræðingar hver á sínu sviði. Sem dæmi um innihald fræðslu má nefna: námskeið í líkamsbeitingu, ILS sérhæfðri endurlífgun, office 365, RAI nursing, Sögu skráningu, skyndihjálp, gæðahandbók, verki og verkjameðferð og fleira.



„Árið 2017 var skemmtilegt ár í Farskólanum og metfjöldi námskeiða haldinn og því afar líflegt og í mörg horn að líta. Horfandi yfir árið 2017 er það þó þetta góða samstarf sem orðið hefur í gegnum samstarfsverkefni í kjölfar Fræðslustjóra að láni sem stendur upp úr í mínum huga, bæði við tengiliði í fyrirtækjum og systurstofnunum okkar sem vinna með okkur á Húsavík og Akureyri. Samstarf sem nær langt út fyrir verkefnin. Stækkandi reynslu- og þekkingabrunnur sem er afar dýrmætt að hafa aðgang að, geta leitað í og að sjálfsögðu einnig lagt til í“.

Halldór Gunnlaugsson, verkefnastjóri starfstengdra námskeiða 2017.

Farskólinn skipulagði og hélt utan um fræðslu fyrir sveitarfélagið Skagafjörð samkvæmt fræðsluáætlun. Áhersla var á heilsutengd námskeið eins og: heilsuefningu – næring og hreyfing, andlega vellíðan í starfi og líkamsbeitingu og vinnutækni. Að fræðslunni komu sérfræðingar hver á sínu sviði. Má þar nefna Ólaf Sæmundsson, næringarfræðing sem fjallaði um næringu, Aðalheiði Reynisdóttur, framhaldsskólakennara og iðjupjálfa sem kenndi líkamsbeitingu og vinnutækni og Sigríði Ólafsdóttur sem fjallaði um andlega vellíðan í starfi.

Farskólinn gerði samning við Kaupfélag Skagfirðinga árið 2016 um að skipuleggja og halda utan um námskeið er tengjast öryggismálum; skyndihjálp og brunavörnum. Árið 2017 var áherslan lögð á skyndihjálp og tóku alls 81 starfsmenn þátt í sjö skyndihjálparnámskeiðum og þar af voru sex tólf klukkustunda námskeið. Leiðbeinandi var Karl Lúðvíksson, framhaldsskóla- og skyndihjálparkennari. Verkefnastjóri ofangreindra námskeiða var Halldór Gunnlaugsson.

Fleiri starfstengd námskeið má telja til sögunnar eins og námskeið fyrir dyraverði sem Jóhann Ingólfsson hafði umsjón með, tölvunámskeið og nám í svæðisleiðsögn.

NÁM Í FISKTÆKNI - GRUNNMENTASKÓLINN

Vorið 2016 útskrifuðust 18 fisktæknar frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra eftir tveggja ára nám. Fisktækninámið var samstarfsverkefni Farskólans, FNV, Fisktækniskóla Íslands og FISK. Samstarfsverkefnið má rekja til þróunarverkefnisins „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi“.

Haustið 2016 hóf nýr hópur nám í fisktækni að undangengnu raunfærnimati. Sem fyrr sá Farskólinn um að kenna kjarnagreinarnar íslensku, ensku, UTN, stærðfræði og samskipti en heimild fékkst frá FA til að breyta Grunnmenntaskólanum þannig að hann hentaði inn í námið. Hópurinn mun útskrifast frá FNV í maí 2018. Leiðbeinendur í fisktæknináminu koma meðal annars frá FNV og Fisktækniskóla Íslands. Ekki eru líkur á því að nýtt fisktækninám fari af stað næstu

misserin. Verkefnastjórar fisktækninámsins voru Halldór Gunnlaugsson fyrir hönd Farskólans og Margrét Hallsdóttir fyrir hönd FNV.



Ljósmyndin er tekin í tölvutíma hjá verðandi fisktæknum. Ljósmynd: Farskólinn.

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Farskólinn sótti um til Rannís að kenna sjö námskeið í íslensku fyrir útlendinga árið 2017 fyrir 70 þátttakendur. Styrkurinn hljóðaði upp á 2.100.000 kr. Haldin voru sex námskeið fyrir 58 þátttakendur; tvö á vorönn og fjögur á haustönn. Endanlegur styrkur var **1.920.000 kr.** þar sem upphafleg markmið náðust ekki.

Á vorönn voru haldin námskeið á Blönduósi og Sauðárkróki og á haustönn voru haldin fjögur námskeið; eitt á Hvammstanga og Blönduósi og tvö á Sauðárkróki.



„Það einkennir framkvæmd Íslenskunámskeiða á Norðurlandi vestra hversu mikið tillit þarf að taka til sauðburðar og sláturtíðar. Það er nánast óhugsandi að byrja námskeið á haustin fyrr en í nóvember eftir að sláturtíð lýkur, þar sem stór hluti þátttakenda starfar í sláturhúsum á svæðinu. Þar af leiðandi standa haustnámskeiðin fram í febrúar og vornámskeiðin byrja ekki fyrr en í febrúar, mars og standa út maí. Við þetta bætist að margir fara heim í jólafrí, páskafrí og svo hverfa alltaf einhverjir til annarra staða og starfa að vori. Það er því að mörgu að hyggja við framkvæmd á Íslenskunámskeiðunum“.

Jóhann Ingólfsson, verkefnastjóri Íslenskunámskeiða.

Þeir leiðbeinendur sem kenndu á Íslenskunámskeiðunum árið 2017 voru flestir reynslumiklir og vel menntaðir kennarar. Þeir voru: Sigrún Þórisdóttir, sérkennari og náms- og starfsráðgjafi, Húnaþingi vestra, Anna Margret Sigurðardóttir, grunnskólakennari við Blönduskóla, Sara Níelsdóttir, framhaldsskólakennari við FNV, Kristín Einarsdóttir, grunnskólakennari og blaðamaður, Nanna Andrea Jónsdóttir, B.Ed. en Nanna steig sín fyrstu skref í kennslu útlendinga á haustmánuðum og Anna Szafraniec. Ítarleg skýrsla var send til Rannís vegna Íslenskunámskeiða ársins 2017 með nöfnum þátttakenda og upplýsingum frá leiðbeinendum varðandi kennsluna sjálfa, námsefni og fleira. Verkefnastjóri Íslenskunámskeiðanna var Jóhann Ingólfsson.



Frá útskrift í Íslensku fyrir útlendinga. Þátttakendur fagna áfanganum saman. Ljósmynd: Farskólinn.

FJÖLMENNT – FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Í samvinnu við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra voru haldin sex námskeið árið 2017, öll á Sauðárkróki. Á vorönn voru haldin námskeið í dansi og smíðum og á haustönn voru haldin tvö sundnámskeið; „Velliðan í vatni“ og námskeið í jóga og silfursmíði. Leiðbeinendur voru: Atli Már Óskarsson, framhaldsskólakennari sem kenndi smíðar, Júlía Þrastardóttir, gullsmíðameistari, Sigbrúður Harðardóttir, þroskaþjálfari og jógakennari, Karl Lúðvíksson, framhaldsskólakennari sem kenndi velliðan í vatni og Ragnús Hilmarsdóttir. Þátttakendur voru samtals 27. Konur voru 16 og karlar voru 11.



Ljósmyndin er tekin við lok námskeiðs í smíðum sem ætlað var fötluðum. Leiðbeinandi var Atli Már Óskarsson, framhaldsskólakennari við FNV. Ljósmynd: Farskólinn.

Sandra Hilmarsdóttir sá um skipulagningu vegna námskeiðanna fyrir Fjölmennt og var hún í góðu samstarfi við þá sem starfa með fötluðum á svæðinu. Verkefnastjóri skilaði skýrslu um framkvæmd námskeiðanna til Fjölmenntar.

NÁM Í SVÆÐISLEIÐSÖGN

Farskólinn bauð upp á nám í svæðisleiðsögn árið 2017. Í samstarfi við SSNV – samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fór fram könnun innan ferðapjónustunnar, haustið 2016, á áhuga fyrir náminu. Yfir 20 manns sýndu náminu áhuga. Þegar upp var staðið hófu 11 námið; tveir heltust fljótlega úr lestinni og einn alveg í lokin vegna veikinda. Úr náminu útskrifuðust átta í lok ársins.

Svæðisleiðsögunámið var skipulagt í samstarfi við Leiðsöguskólann í MK og kennt eftir þeirra námskrá. Námsmenn komu saman í þremur námsverum tvisvar í viku; tveir á Hvammstanga, þrír á Skagaströnd og fjórir á Sauðárkróki. Fyrirlestrar voru teknir upp og námsmenn gátu því hlýtt á þá þegar þeim hentaði. SSNV – samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra veitt styrk til námsins upp á **1,5 milljónir** króna. Þrátt fyrir það var námið rekið með tapi.

Leiðbeinendur voru hinir ýmsu sérfræðingar á sviði ferðapjónustunnar. Davíð Jóhannesson fjallaði um ferðapjónustu, Hafdís Sturlaugsdóttir fjallaði um gróður og náttúrvernd og dýralíf, Jóhann Ísak Pétursson fjallaði um jarðfræði, Evelin Ýr Kuhne fjallaði um leiðsögutækni og samskipti, Kristín Sigurrós Einarisdóttir fjallaði um bókmenntir og listir, svæðalýsingar og sá um vettvangsnám, Herdís Gunnlaugsdóttir fjallaði um tungumálanotkun, Heimir Hansson kenndi um atvinnuvegi og íslenskt samfélag, Þuríður Helga Jónsdóttir sem fjallaði um listir, Sigurður Pétursson kenndi sögu og Karl Lúðvíksson kenndi skyndihjálp.

Umsjónarmenn námsins voru: Kristín Sigurrós Einarisdóttir og Bryndís Þráinsdóttir. Skýrslu um verkefnið verður meðal annars skilað til MK vorið 2018.



Ljósmynd til vinstri. Efri röð: Ulla Kristín Lundberg, Eydís Magnúsdóttir, Dagný Marín Sigmarsdóttir, Sarah Roswitha Holzem, Sigrún Sigurðardóttir. Neðri röð: Katharina Ruppel, Birgir Jónsson, Ólafur Bernódusson og Jón Ólafur Sigurjónsson. Myndin til hægri er frá útskrift. Myndir. Farskólinn.

TÓMSTUNDANÁMSKEIÐ

Árið 2017 voru haldin 22 (16 námskeið árið 2016) tómstundanámskeið. Heldur hefur dregið úr fjölda tómstundanámskeiða undanfarin ár en þó varð fjölgun á milli árána 2016 og 2017. Sem dæmi um tómstundanámskeið má nefna námskeið í sushi gerð, ræktun krydd- og matjurta, skrautskrift, víravirki, tölvunámskeið fyrir eldri borgara, matreiðslunámskeið með Alberti, viskínámskeið, næringarfræði, konfektgerð og námskeið í floti.

Leiðbeinendur á tómstundanámskeiðum voru allir sérfræðingar á sínu sviði og komu ýmist frá Akureyri eða Reykjavík utan einn sem kom frá Sauðárkróki. Leiðbeinendur voru meðal annars: Snorri Guðvarðsson, viskísérfræðingur, Rúna Kristín Sigurðardóttir, sem kenndi skrautskrift, Álfhildur Leifsdóttir, grunnskólakennari, sem kenndi eldri borgurum á spjaldtölvur, Jón Þórir Guðmundsson sem kenndi ræktun matjurta, Júlía Þrastardóttir, gullsmiður, sem kenndi silfursmíði, Ólafur Sæmundsson, næringarfræðingur sem fjallaði um næringarfræði, Albert Eiríksson, meistarakokkur, sem kenndi matreiðslu, Halldór K. Sigurðsson, sem kenndi konfektgerð og fleiri.



Til vinstri má sjá silfurhring sem smíðaður var á námskeiði vorið 2017. Til hægri má sjá þátttakendur á einu námskeiði í konfektgerð haustið 2017. Ljósmynd: Farskólinn.

5. Náms- og starfsráðgjöf

Farskólinn gerði samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar árið 2017. Samningurinn hljóðaði upp á **4.230.000 kr.** (4.200.000 kr árið 2016).

Sandra Hilmarsdóttir sinnti ráðgjöf hjá Farskólanum en hún er að ljúka meistaranámi í faginu. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að veita ráðgjöf og hvatningu, bæði til einstaklinga innan markhópsins og innan fyrirtækja; taka viðtöl, leiðbeina á námskeiðum ásamt fleiru. Ráðgjafinn er einnig lykilaðili í verkefnum tengdum raunfærnimati.

Helstu viðfangsefni ráðgjafa Farskólans árið 2017 voru: Almenn viðtöl þar sem ráðgjafi aðstoðaði við að finna upplýsingar um nám, undirbúningur fyrir raunfærnimat meðal annars á mótum námskrá verslunarfulltrúa og á mótum námskrá á hestabraut, skimunarviðtöl, færnimöppugerð, þjónusta við atvinnuleitendur, ráðgjöf um námstækni og sjálfsstyrkingu, sem og stuðningur og eftirfylgni við ráðþega.

Árið 2017 tókst að uppfylla þau markmið sem sett voru í samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um fjölda viðtala. Samkvæmt uppgjöri við FA voru tekin 276 viðtöl (257 viðtöl árið 2016) árið 2017 og þar af voru eingöngu 7 ráðþegar utan viðurkennds markhóps framhaldsfræðslunnar. Kennitölur ráðþega voru nokkuð færri þar sem nokkur hópur kom í fleiri en eitt viðtal. Viðtölin skiptust þannig: Í fyrsta viðtal komu 95 þátttakendur, í viðbótarviðtal komu 84, í hvatningarviðtal komu 7 og í hópráðgjöf komu 90 þátttakendur.




„Það er mjög mikilvægt að halda áfram að fara til fólksins, heimsækja vinnustaði og kynna náms- og starfsráðgjöfina, vera sýnilegur í samfélaginu og á samfélagsmiðlum og nýta samskiptatæknina til að koma upplýsingum til nýrra ráðþega. Einnig hefur gefið góða raun að fá ráðþega sem hafa kynnst ráðgjöfinni á eigin skinni til að breiða út boðskapinn, til dæmis með því að segja frá reynslu sinni í námsvísi Farskólans“.

Sndra Hilmarsdóttir, ráðgjafi.

NÁMS – STARFSRÁÐGJÖF - TÖLFRÆÐI

Meðalaldur ráðþega árið 2017 var 41 ár (43,8 ár 2016). Elsti ráðþeginn var 67 ára og sá yngsti var 20 ára. Af 276 ráðþegum voru 174 í starfi eða 63% (250 í starfi eða 97% árið 2016). Í atvinnuleit voru 68 ráðþegar. Þess bera að geta að nokkur mörg viðtöl voru tekin fyrir Vinnu-
málastofnun árið 2017 og kom hver ráðþegi í fleiri en eitt viðtal. Af þeim sem skráðir voru í stéttarfélög voru 194 skráðir í félög innan ASÍ og frá félögum innan BSRB voru skráðir 26 einstaklingar.


Þeir sem komu í ráðgjöf voru samtals 276. Konur voru 146 og karlar voru 130. Karlar voru því 47% ráðþega á móti 23% árið 2016. Á mynd 10 má sjá fjölda ráðþega eftir kynjum.



Mynd 10. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna sem sóttu náms- og starfsráðgjöf árið 2017.


MENNTUN OG BÚSETA RÁÐÞEGA 2017

Af þeim 276 sem komu í viðtal til ráðgjafa höfðu 113 eða 41% einungis lokið grunnskólanámi og 130 höfðu hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið námi. Samtals höfðu því 243 eða 88% ekki lokið framhaldsskólaprófi. Skiptinguna í prósentum má sjá á mynd 11.



Mynd 11. Myndin sýnir menntunarsstig þeirra sem komu í ráðgjöf árið 2017 í prósentum talið.

Sveitarfélagið Skagafjörður er fjölmennasta sveitarfélagið á Norðurlandi vestra og þaðan komu 235 ráðþegar eða 85%. Frá Blönduósi komu 20 eintaklingar og frá Hvammstanga 21. Sjá nánar mynd 12.



Mynd 12. Myndin sýnir búsetu þeirra sem komu í náms- og starfsráðgjöf árið 2017.



Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, lætur fara vel um sig í lesaðstöðu háskólanema á Faxatorgi haustið 2017. Ljósmynd: Farskólinn.

6. Raunfærnimat

Farskólinn gerði samning við FA um nokkur verkefni tengd raunfærnimati árið 2017. Samningurinn hljóðaði upp á 4.658.220 kr (7.242.100 kr. árið 2016). Ekki tókst að uppfylla markmið samningsins og endurgreiddi Farskólinn því Fræðslusjóði 2.245.000 kr. Niðurstaðan var því sú að til raunfærnimats fékk Farskólinn **2.413.220 kr** árið 2017. Þær greinar sem átti að taka til mats voru meðal annars á móti námskrá verslunarfulltrúa og námskrá hestabrautar.

Tafla 4. Taflan sýnir hvaða starfsgreinar voru teknar til mats árið 2017.

| Raunfærnimat í Farskólanum árið 2017 | | | |
|---|--------|----------|---------------------|
| Grein | Fjöldi | Einingar | Athugasemdir |
| Gerð gátlista og skimunarlista fyrir plastbátasmíði | | | Lýkur í maí 2018 |
| Samstarfseiningar lðan og sjómenn | | | Markmiðum náð |
| Verslunarfulltrúi | | | Lýkur í maí 2018 |
| Hestabraut (felld niður og fjármagni skilað) | | | Markmið náðust ekki |

Verkefni í tengslum við raunfærnimat mega ná yfir 18 mánaða tímabil. Lokauppgjör vegna raunfærnimatsverkefna ársins 2017 fer fram í maí 2018.

Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, bar hitann og þungann af raunfærnimatinu.



Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, hitti sjómenn á vettvangi í tengslum við raunfærnimat sjómanna. Myndir: Sandra Hilmarsdóttir.

Þau voru fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem ráðgjafi Farskólans sinni haustið 2017. Sandra fór meðal annars í heimsókn um borð í togarana í Skagafirði ásamt útgerðastjóra og spjallaði við áhafnirnar um nám og raunfærnimat tengt sjávarútvegi. Þrír sjómenn fóru í raunfærnimat á móti námskrá í skipstjórn og stunda þeir allir nám hjá Tækniskólanum vorið 2018.

7. Háskólanám

Formlegt fjarnám á háskólastigi hófst á Norðurlandi vestra haustið 2002. Frá þeim tíma hafa verið starfrækt námsver og námsstofur á fjórum stöðum á Norðurlandi vestra. Í námsverunum hafa háskólanemar ágætis aðstöðu til náms og þar er einnig góður fjarfunda- og tölvubúnaður í eigu Farskólans. Sjá nánar í töflu 5.

Tafla 5. Taflan sýnir staðsetningu námsvera og námsstofa á Norðurlandi vestra og tengiliði.

| Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra | | |
|--|--|------------------------------|
| Staðir | Umsjónarmenn | Staðsetning |
| Hvammstangi | Vigdís Lilly Sigurjónsdóttir | Höfðabraut 6 |
| Blönduós | Þórhalla Þórhallsdóttir Katharina Schneider | Blönduskóli Kvennaskólinn |
| Skagaströnd | Ólafur Bernódusson | Einbúastígur 2 |
| Sauðárkrókur | Halldór Gunnlaugsson Jóhann Ingólfsson | Við Faxatorg |

Sveitarfélögin, hvert á sínum stað, sjá að mestu leyti um rekstur námsveranna. Á Hvammstanga og Skagaströnd eru starfsmenn í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu. Þekkingarsetrið á Blönduósi hefur umsjón með námsverinu á Blönduósi. Háskólanemar fá lykla að námsverunum og hafa að þeim aðgang allan ársins hring.



Til vinstri: Kvennaskólinn á Blönduósi þar sem námsver fjarnema er staðsett. Ljósmynd til hægri: Einbúastígur 2 á Skagaströnd, en þar á efri hæð er námsstofan. Ljósmyndir: Farskólinn.

Flestir háskólanemar í fjarnámi búa í Skagafirði. Árið 2017 voru tekin samtals 391 háskólapróf (270 háskólapróf árið 2016) í námsverunum. Ekki var haldin skráning yfir allar prófatökur á árinu. Sem dæmi um próf sem ekki voru skráð eru svokölluð heimapróf háskólanema sem ekki krefjast yfirsetu. Auk þess tóku framhaldsskólanemar í fjarnámi og aðrir aðilar 57 próf. Framhaldsskólanemar í fjarnámi sem búa í Skagafirði taka sín próf í FNV. Sjá nánar í töflu 6.

Tafla 6. Taflan sýnir fjölda skráðra háskólaprófa sem tekin voru í heimabyggð árið 2017.

| Heildarfjöldi háskólaprófa á Norðurlandi vestra 2017 | | | | | |
|--|--------------|----------|-------------|-------------|------------|
| | Sauðárkrókur | Blönduós | Hvammstangi | Skagaströnd | Samtals |
| Háskólar | | | | | |
| HA | 175 | 66 | 26 | | 267 |
| HÍ | 25 | 5 | | | 30 |
| HR | 29 | | 2 | | 31 |
| Bifröst | 8 | 1 | 5 | | 14 |
| LBHÍ | 16 | 7 | 1 | | 24 |
| Keilir | 6 | | | | 6 |
| Hólar | | 1 | 2 | | 3 |
| Óskilgreint | | | | 16 | 16 |
| Samtals | 259 | 80 | 36 | 16 | 391 |

Frá miðjum apríl og fram til loka maí og frá miðjum nóvember til miðs desember ár hvert koma háskólanemar í fjarnámi í námsverin og taka sín próf. Það hefur færst í vöxt að þeir sem eru í staðnámi (eru ekki fjarnemar) koma á sínar heimaslóðir til að taka prófin.

Nokkur umsýsla fylgir háskólaprófunum. Þau krefjast yfirsetu. Úrlausnir háskólanema eru skannaðar inn og varðveittar rafrænt þangað til tryggt er að úrlausnirnar hafi borist viðkomandi háskóla með landpósti. Farskólinn starfar eftir ákveðnum reglum og vinnulagi sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar ásamt Háskólanum á Akureyri hafa komið sér saman um, til að tryggja að framkvæmd prófanna sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Jóhann Ingólfsson hefur yfirumsjón með prófatökum háskólanema hjá Farskólanum.



Frá vinstri: Höfðabraut 6 á Hvammstanga þar sem fjarnámsstofan er til húsa. Til hægri: Faxatorg á Sauðárkróki þar sem námsver háskólanema er til húsa.

8. Húsnæði og búnaður

Frá vorinu 2002 hefur Farskólinn leigt húsnæði undir skrifstofur af sveitarfélaginu Skagafirði við Faxatorg á Sauðárkróki. Þar er námsver háskólanema í Skagafirði einnig til húsa.

Samtals eru fimm fjarfundabúnaðir í eigu Farskólans. Tveir eru staðsettir í námsverinu á Sauðárkróki og þrír eru í námsverunum utan Sauðárkróks, einn á hverjum stað. Árið 2017 endurnýjaði Farskólinn húsbúnað í námsverunum með samþykki stjórnar. Keyptir voru lesstólar, leslampar, heyrnartól og fleira í þrjú af fjórum námsverum á svæðinu þar sem þörf var brýn.

Farskólinn á 27 fartölvur, sem sumar eru komnar til ára sinna, sem nýtast bæði háskólanemum og til kennslu á námskeiðum fyrir markhópinn. Fartölvurnar voru staðsettar í námsverunum, allt eftir verkefnum hverju sinni. Einnig á Farskólinn fjóra skjávarpa og þar af er einn staðsettur á Blönduósi í sal Samstöðu og nýttur þar á námskeiðum. Hefðbundinn skrifstofubúnaður er til staðar á Sauðárkróki fyrir fimm starfsmenn ásamt tölvubúnaði. Farskólinn gerði árið 2012 leigusamning við Tengil ehf. um rekstur ljósritunarvélar.

Menntabráin, FS net og kerfisleiga

Árið 2011 var tekin í notkun ný Menntabrá vegna háskólanámsins sem mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnaði. Háskólarnir (HA) hafa fært fyrirlestrana að öllu leyti „á netið“ og geta háskólanemar sótt þá þegar þeim hentar. Fjarfundir á Menntabránni eru því nánast hættir. Jóhann Ingólfsson, ásamt Sunnu Þorsteinsdóttur, hélt utan um fjarkennslu og fjarfundi hjá Farskólanum ásamt því að sinna tæknimálum fyrir aðra tengda aðila. Þó verður að segja að flestir starfsmenn komi á einhverjum tímapunktum að tæknimálum tengdum kennslunni.

Stjórn FS netsins var lögð formlega niður árið 2016. FS netið er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla á Íslandi og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. FS netið er í öllum námsverum og námsstofum á Norðurlandi vestra og greiða sveitarfélögin kostnað við það samkvæmt samningi. Umsýsla í kringum FS netið er komin yfir til Menntamálastofnunar. Jóhann Ingólfsson sinnir ákveðnum verkefnum fyrir Menntamálastofnun í tengslum við FS netið.

Haustið 2015 gerði Farskólinn samning um Microsoft Office 365. Heimasíða Farskólans var vistuð hjá Sensa ehf.

Innleiðing Innu

Farskólinn hefur undanfarin ár notað MySchool skráningar- og kennslukerfið í starfsemi sinni. Þátttakendur hafa getað skráð sig á námskeið í gegnum heimasíðu Farskólans og beint inn í MySchool. Kerfið er einnig kennslukerfi þar sem hægt er að setja inn efni, kennsluáætlanir, fyrirlestra, halda utan um mætingar og fleira. Frá og með haustinu 2017 tók Farskólinn Innu í notkun. Innleiðingin gengur hægt en örugglega. Inna var tekin í notkun að frumkvæmi

Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Starfsfólk Farskólans hefur sett námskeið í notkun. Innan en mesta vinnan vegna innleiðingarinnar hefur hvíld á herðum Nönnu Andreu Jónsdóttur þjónustustjóra.



„Inna er skráningarkerfi, kennslukerfi og umsóknarvefur, sem með tímanum á eftir að auðvelda utanumhald skráninga Farskólans. Innleiðingin er langt komin í Farskólanum en eftir er að taka upp kennslukerfið og umsóknarvefinn en það verður gert frá og með haustinu 2018. Nú geta bæði fyrrum þátttakendur og núverandi þátttakendur séð allar sínar námskeiðs- og námsleiðaupplýsingar í gegnum island.is. sem á eftir að auðvelda þeim að halda utan um námskeiðin sín“.

Nanna Andrea Jónsdóttir, þjónustustjóri Farskólans.

Gert er ráð fyrir að innleiðingu nýs skráningar- og kennslukerfis verði að fullu lokið haustið 2018.

9. Gæðastarf

Farskólinn fékk formlega gæðavottun EQM (European Quality Mark) við lok ársins 2012 frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Sjá mynd 13.



Mynd 13. Myndin sýnir viðurkenningu EQM.

Undanfarin þrjú ár hefur gæðastarf í Farskólanum ekki verið tekið formlega út af matsaðilum enda var samningur sem FA gerði við matsaðila (BSI) útrunninn. Snemma vors 2017 fóru starfsmenn sameiginlega í gegnum sjálfsmatslista, fylgiskjöl og gæðahandbók Farskólans. Starfsmenn voru sammála um að gera skjölin skilvirk og eins einföld og hægt væri. Framkvæmdastjóri lagði mikla áherslu á það að starfsmenn fylgdu gæðastöðlum í hvívetna í starfi sínu. Ný og uppfærð gæðahandbók var tilbúin til notkunar í byrjun ágúst 2017, þegar starfsmenn komu til starfa eftir sumarfrí. Haustið 2017 hófst undirbúningur að nýrri yfirferð sem fer fram vorið 2018. Ný gæðahandbók mun taka tillit til nýrrar persónuverndarlöggjafar sem innleidd verður í maí 2018. Bryndís Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri, hefur umsjón með gæðamálum Farskólans.

Upplýsingar um EQM er að finna á slóðinni: <http://frae.is/gaedavottun/>
Upplýsingar má einnig finna á slóðinni: <http://www.europeanqualitymark.org/home/>

Farskólinn hlaut formlega viðurkenningu (endurnýjun) sem fræðsluaðili frá Menntamála- stofnun í upphafi árs 2017 til næstu þriggja ára.

10. Önnur verkefni

FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Árið 2017 var unnið eitt verkefni í „Fræðslustjóri að láni“ í Húnaþingi vestra. Verkefnastjórar voru Bryndís Þráinsdóttir og Sandra Hilmarsdóttir. Lokaskýrsla var afhent sveitarstjóra í byrjun nóvember. Unnið verður eftir tillögum stýrihóps um fræðsluáætlun til næstu þriggja ára og hefst sú vinna á vorönn 2018.

Unnið var áfram eftir fræðsluáætlunum hjá HSN – Heilbrigðisstofnun Norðurlands í samstarfi við SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga. Einnig var nokkur gróska í námskeiðahaldi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð og unnið eftir fræðsluáætlun.



Mynd til vinstri: Hluti af stýrihópi verkefnsins „Fræðslustjóri að láni“ í Húnaþingi vestra. Vigdís Lilly Sigurjónsdóttir, Helena Halldórsdóttir og Hulda Signý Jóhannesdóttir. Á myndina vantar Kristján Guðmundsson og Borghildi Haraldsdóttur. Ljósmynd til hægri: Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri í Húnaþingi vestra tekur við skýrslu um verkefnið úr höndum Bryndísar Þráinsdóttur. Ljósmynd: Farskólinn.

Gert er ráð fyrir að nýtt verkefni fari af stað hjá sveitarfélögunum í A – Húnavatnssýslu árið 2018.

MARKVISS

Fjórir af fimm starfsmönnum Farskólans hafa hlotið Markviss þjálfun. Markviss ráðgjafar Farskólans eru: Bryndís Þráinsdóttir, Halldór B. Gunnlaugsson, Jóhann Ingólfsson og Sandra Hilmarsdóttir.

Markviss aðferðafræðin var notuð sem verkfæri í „Fræðslustjóri að láni“ verkefnum Farskólans.

11. Samstarf

Helstu samstarfsaðilar Farskólans eru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eins og fyrr hefur komið fram.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu ASÍ, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þjónustusamningur Fræðslumiðstöðvarinnar við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar innan Kvasis er runnin út og hefur ekki verið endurnýjaður. Fræðslumiðstöðin annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans samanber 10. gr laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Þegar hefur verið greint frá verkefnum sem unnin eru í samstarfi við FA og styrkt af Fræðslusjóði.


Árlega veitir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, á ársfundi sínum, tveimur námsmönnum viðurkenningu sem fyrirmynd í námi fullorðinna. Árið 2017 fékk fyrrum námsmaður í Farskólanum, Ólafur Björn Stefánsson, pípulagningarmeistari viðurkenningu sem fyrirmynd í námi fullorðinna. Farskólinn óskar Ólafi til hamingju með viðurkenninguna. Hann hefur verið góður bandamaður Farskólans eftir að hann lauk námi í námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“. Viðtal birtist við Ólaf í námsvísi haustannar 2017 eins og áður hefur verið nefnt.

Sveitarfélög á Norðurlandi vestra

Farskólinn er í góðu samstarfi við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra. Öll eru þau stofnaðilar að Farskólanum. Sveitarfélögin hafa komið upp námsverum og námsstofum sem standa háskólanemum í fjarnámi opin allan ársins hring. Farskólinn nýtir námsverin og skólana einnig fyrir sitt námskeiðahald og greiðir leigu til viðkomandi sveitarfélags samkvæmt samningi þar um.

Kvasir

Farskólinn er aðili að Kvasi - samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær net hringinn í kringum landið. Rauðu deplarnir á kortinu sýna hvar höfuðstöðvar miðstöðvanna eru ásamt útstöðvum eða námsverum (sjá bls. 42).



Myndin sýnir staðsetningu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvásis og útstöðva þeirra.

Í stjórn Kvásis fyrri hluta ársins 2017 sátu Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, formaður, Sólveig Hildur Björnsdóttir frá Mími og Guðrún Áslaug Jónsdóttir frá Austurbrú. Á aðalfundi Kvásis vorið 2017 voru kosin í stjórn: Guðjónína Sæmundsdóttir, formaður, Sólveig Hildur Björnsdóttir frá Mími og Guðrún Áslaug Jónsdóttir frá Austurbrú. Forstöðumenn innan Kvásis funduðu reglulega á árinu auk þess sem á vegum Kvásis voru haldnir hefðbundnir vor- og haustfundir. Vorfundur Kvásis var haldinn á Selfossi og haustfundurinn var haldinn á Ísafirði.



Forstöðumenn fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvásis hittust á haustfundi á Ísafirði. Frá vinstri í efri röð: Valgerður Guðjónsdóttir, Visku, Valgeir Magnússon, SÍMEY, Óli Halldórsson, Þekkingarneti Þingeyinga, Eyjólfur Sturlaugsson, Fræðsluneti Suðurlands, Bryndís Þráinsdóttir, Farskólanum, Sólveig Hildur Björnsdóttir, Mími, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Austurbrú. Neðri röð frá vinstri: Vigdís Ásmundsdóttir, Framvegis, Guðjónína Sæmundsdóttir, MSS, Inga Dóra Halldórsdóttir, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og Elfa Hermannsdóttir, Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Ljósmynd tekin fyrir Farskólann.



Frá heimsókn Fræðslunets Suðurlands til Farskólans haustið 2017. Efri röð frá vinstri: Halldór Gunnlaugsson, Jóhann Ingólfsson. Sandra Gunnarsdóttir, Oddný Gísladóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Ottó Valur Ólafsson, Eyjólfur Sturlaugsson og Áslaug Einarsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Lilja Össurardóttir, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Nanna Andrea Jónsdóttir og Eydís Katla Guðmundsdóttir. Ljósmynd: Farskólinn.

Leikn

Farskólinn er aðili að Leikn en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Í stjórn Leiknar, starfsárið 2017 – 2018, sitja Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, formaður, Guðrún Lárusdóttir frá endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands, Þuríður Sigurðardóttir, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Mími – símenntun og Helgi Þorbjörn Svavarsson frá SÍMEY. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

Á starfsárinu hélt Leikn meðal annars nokkra fræðslufundi í fjárfundi sem starfsfólk Farskólans hafði tækifæri til að sækja.

Skólar og leiðbeinendur

Farskólinn var í góðu samstarfi við Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra. Fjölbrotaskólinn sá um að votta framhaldsskóláeiningar í vottuðum námsleiðum FA. Leiðbeinendur á lengri námskeiðum Farskólans komu einnig margir þaðan. Fjölbrotaskólinn og Farskólinn voru, ásamt fleirum, samstarfsaðilar um Fisktækninám á Sauðárkróki eins og áður hefur verið nefnt.

Leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans komu einnig frá grunnskólum á svæðinu. Farskólinn var í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Farskólinn auglýsti það fjarnám sem var í boði til Norðurlands vestra á heimasíðu sinni og á Facebook.

Samstarf við SSNV

Gott samstarf var við SSNV – samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra árið 2017. SSNV styrkti nám í Svæðisleiðsögn eins og fyrr hefur verið nefnt enda verkefni tengd ferðapjónustu eitt af áhersluverkefnum sambandsins. SSNV ákvað einnig að taka þátt í að styrkja nám fyrir bændur ef á þyrfti að halda, svokallaða Opna smiðju – Beint frá býli ef ekki fengist styrkur frá Fræðslusjóði. Verkefnið hefur verið lengi í bígerð og áhugi mikill en of fáir úr svokölluðum markhópi framhaldssfræðslunnar hafa sýnt því áhuga. Smiðjan fór af stað í byrjun árs 2018.

Sérfræðingar SSNV hafa einnig leiðbeint á námskeiðum hjá Farskólanum og þá sérstaklega á námskeiðum tengdum þjónustu.

Ráðstefnur og fundir

Starfsfólk Farskólans sótti fundi, námskeið og ráðstefnur árið 2017. Í töflu 7 má sjá helstu fundi, ráðstefnur og námskeið sem starfsmenn sóttur árið 2017 utan Norðurlands vestra.

Tafla 7. Yfirlit yfir helstu fundi, ráðstefnur og námskeið utan starfssvæðis Farskólans árið 2017.

| Dagsetning | Erindi | Starfsmenn |
|----------------|--|----------------------|
| 19. janúar. | „Hvað er að fréttu?“ Málþing á vegum ASÍ um menntamál. | BP |
| 2. febrúar. | Menntadagur atvinnulífsins. | BP |
| 16. febrúar. | Fundur með Fræðslusjóði í Reykjavík. | BP |
| 17. febrúar. | Fundur með ráðgjöfum í Reykjavík. | BP og SH. |
| 20. mars. | Námskeið um hæfnigreiningar á Akureyri. | BP, JI og SH. |
| 25. og 26. ap. | Kvasir – vorfundur á Selfossi. | BP., JI, SH. |
| 2. maí | Fundur með FA og verkefnastjórum í Reykjavík. | BP. |
| 8. júní | NVL málþing í Reykjavík. | BP. |
| 8. júní. | Ráðstefna um vandinám í skólum í Reykjavík (Keilir). | BP. |
| 17. ágúst | Námskeið um Innu á Akureyri. | BP, HG, JI, SH, NAJ. |
| 8. sept. | Fundur um Innu með Fræ Suð og Mími Reykjavík. | BP |
| 1. og 2. nóv. | Kvasir – haustfundur á Ísafirði. | BP og JI. |
| 29. nóv. | Fundur með ráðuneyti um samning og ársskýrslu í Reykjavík. | BP. |
| 30. nóv | Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. | BP |

12. Starfið framundan

Í lok ársins 2017 var Farskólanum úthlutað samtals 12 milljónum króna til að kenna vottaðar námsleiðir FA árið 2018. Fyrirhugað er að kenna eftirfarandi námsleiðir árið 2018. Sjá töflu 8.

Tafla 8. Taflan sýnir þær vottuðu námskrár sem Farskólinn áætla að kenna árið 2018.

| Heiti námskrár | Hlutfall | Staðan |
|--|----------|--------------------|
| Félagsliðabré | 25% | Lýkur í maí 2018 |
| Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum | 70% | Lýkur í maí 2018 |
| Opin smiðja – matarsmiðja – Beint frá býli (Skagafj) | 100% | Lýkur í apríl 2018 |
| Opin smiðja – matarsmiðja – Beint frá býli (Húnavsýsl) | 100% | Lýkur í des 2018 |
| Opin smiðja - FabLab | 100% | Haustönn 2018 |
| Skrifstofuskólinn | 50% | Haustönn 2018 |

Árið 2018 verður ár smiðjanna. Gert er ráð fyrir þremur opnum smiðjum; tvær þeirra munu fjalla um vinnslu matvæla með áherslu á hugmyndafræði „Beint frá býli“. Fyrri smiðjan hefst í janúar og sú seinni á haustmánuðum.

Áfram er gert ráð fyrir að Farskólinn skipuleggi fræðslu og haldi utan um hana í tengslum við „Fræðslustjóri að láni“, eins og verið hefur árið 2017.

Farskólinn mun áfram bjóða upp á ráðgjöf og raunfænimat. Í raunfænimati verður áfram áhersla á hestafólk og fólk sem starfar við verslun. Úthlutun Fræðslusjóðs til verkefna á svið raunfænimats er 4.797.000 kr vegna ársins 2018. Úthlutun Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar er 4.150.000 kr árið 2018.

Framkvæmdastjóri mun leggja áherslu á að haustið verði nýtt til að efla tengslin enn frekar við atvinnulífið á svæðinu með markvissum heimsóknnum í fyrirtæki og stofnanir haustið 2018. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn Farskólans verði á ferðinni.

13. Lokaorð

Það má segja að árið 2017 hafi verið gott námskeiðsár hjá Farskólanum. Nýtt met var slegið hvað varðar fjölda námskeiða og námsmanna. Það er ekki markmið í sjálfu sér að fjölga námskeiðum á milli ára heldur er megináhersla lögð á gæði þeirra námskeiða sem boðið er upp á hverju sinni. Aðalmarkmiðið er að byggja upp þekkingarsamfélag innan fyrirtækja og stofnana á svæðinu, efla einstaklingana og um leið hækka menntunarstig íbúa á Norðurlandi vestra.

Starfsfólk Farskólans leitast við að mynda góð tengsl við íbúa svæðisins. Í því sambandi er oft talað um „fólkið okkar“. Tengsl eru mynduð og ræktuð með því að heimsækja fyrirtæki og stofnanir, ræða við stjórnendur og þá sem starfa innan fyrirtækjanna. Þetta þýðir að Farskólinn er á ferðinni um svæðið allan ársins hring.

Farskólinn varð 25 ára árið 2017. Af því tilefni ákvað stjórn Farskólans að árið 2018 myndi skólinn bjóða upp á nokkra ókeypis fyrirlestra fyrir almenning. Má þar nefna fyrirlestra um „trú á eigin getu“, „að borða sig til betri heilsu“ og fyrirlestur um „að skapa sterka liðsheild“. Góð aðsókn hefur verið á fyrirlestrana það sem af er árinu 2018.


Fyrir hönd stjórnar Farskólans, er starfsfólki og samstarfsaðilum Farskólans færðar þakkir fyrir gott samstarf á árinu 2017.

Sauðárkrókur í apríl 2018.


Bryndís Kristín Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl


Yfirlit yfir fjölda námsmanna, kennslustunda og nemendastunda frá árinu 2008 til ársins 2017.



Myndin sýnir fjölda námsmanna frá árinu 2008.



Myndin sýnir fjölda kennslustunda frá árinu 2008.



Myndin sýnir fjölda nemendastunda frá árinu 2008.

Yfirlit yfir námskeið Farskólans árið 2017

| Farskólinn - námskeið á vorönn 2017 | | | | | | | | |
|-------------------------------------|---|-----------------|-----|-----|------|-------|-----|------|
| | Heiti námskeiðs | Hvar | Nem | Nem | Kest | Nemst | Kon | Karl |
| 1 | Félaggliðabré | Sauð./Blö./Hvt. | 14 | | | | 14 | 0 |
| | Gagnrýnin hugsun og siðfræði | | | 13 | 45 | 585 | | |
| | Geðsálfræði/Afbrigðasálfræði | | | 13 | 45 | 585 | | |
| | Aðstoð og umönnun | | | 12 | 45 | 540 | | |
| 2 | Fjölmennt - Dansnámskeið | Sauðárkrókur | 8 | 8 | 15 | 120 | 4 | 4 |
| 3 | Fjölmennt - Smíðanámskeið | Sauðárkrókur | 6 | 6 | 30 | 180 | 1 | 5 |
| 4 | Frá umsókn til atvinnu - hópur 1 | Sauðárkrókur | 6 | 6 | 13,5 | 81 | 3 | 3 |
| 5 | Frá umsókn til atvinnu - hópur 2 | Sauðárkrókur | 2 | 2 | 13,5 | 27 | 1 | 1 |
| 6 | Frá umsókn til atvinnu - hópur 3 | Sauðárkrókur | 4 | 4 | 13,5 | 54 | 3 | 1 |
| 7 | Frá umsókn til atvinnu - hópur 4 | Hvammstangi | 5 | 5 | 13,5 | 67,5 | 2 | 3 |
| 8 | Grunnmenntaskólinn seinni hluti | Sauð./Blö. | 13 | | | 0 | 11 | 2 |
| | Íslenska 2 | | | 12 | 35 | 420 | | |
| | Stærðfræði | | | 12 | 40 | 480 | | |
| | Enska | | | 12 | 40 | 480 | | |
| 9 | Grunnnámsk fyrir fiskvinnsluf - hópur B | Sauðárkrókur | 11 | 11 | 128 | 1408 | 7 | 4 |
| 10 | HACCP námskeið | Sauðárkrókur | 13 | 13 | 22 | 286 | 6 | 7 |
| 11 | HSN - ILS Sérhæfð endurlífgun | Sauðárkrókur | 21 | 21 | 12 | 252 | 13 | 8 |
| 12 | HSN - Líkamsbeiting | Blönduós | 9 | 9 | 1,5 | 13,5 | 9 | 0 |
| 13 | HSN - Office 365 - sharep - one drive | Sauðárkrókur | 11 | 11 | 4,5 | 49,5 | 9 | 2 |
| 14 | HSN - Outlook | Sauðárkrókur | 11 | 11 | 2,5 | 27,5 | 9 | 2 |
| 15 | HSN - RAI Homecare | Akureyri | 9 | 9 | 9 | 81 | 9 | 0 |
| 16 | HSN - RAI Nursing | Sauðárkrókur | 11 | 11 | 4,5 | 49,5 | 11 | 0 |
| 17 | HSN - RAI Nursing | Blönduós | 5 | 5 | 4,5 | 22,5 | 5 | 0 |
| 18 | HSN - Saga skráning skype (24. feb.) | Sauð./Blö. | 4 | 4 | 2,5 | 10 | 4 | 0 |
| 19 | HSN - Sár og sárameðferð | Sauðárkrókur | 8 | 8 | 10,5 | 84 | 8 | 0 |
| 20 | HSN - Skyndihjálp (20. feb) | Sauðárkrókur | 7 | 7 | 6 | 42 | 7 | 0 |
| 21 | HSN - Skyndihjálp, hópur 1 | Blönduós | 11 | 11 | 6 | 66 | 11 | 0 |
| 22 | HSN - Skyndihjálp, hópur 2 | Blönduós | 12 | 12 | 6 | 72 | 11 | 1 |
| 23 | HSN - Skype for business | Sauðárkrókur | 8 | 8 | 1,5 | 12 | 7 | 1 |
| 24 | HSN - Sushi | Sauðárkrókur | 10 | 10 | 4 | 40 | 10 | 0 |
| 25 | HSN - Persónuleg uppbygging, markþj | Sauðárkrókur | 11 | 11 | 4,5 | 49,5 | 11 | 0 |
| 26 | Íslenska fyrir útlendinga, nr 1, 2017 | Blönduós | 13 | 13 | 60 | 780 | 8 | 5 |
| 27 | Íslenska fyrir útl. – Landn.skól seinni hluti | Sauðárkrókur | 16 | 16 | 60 | 960 | 11 | 5 |
| 28 | Íslenska fyrir útlendinga, nr 2, 2017 | Sauðárkrókur | 7 | 7 | 60 | 420 | 7 | 0 |
| 29 | Íslenska fyrir útl. - seinni hlu. Hófst h 16. | Sauðárkrókur | 8 | 8 | 30 | 240 | 2 | 6 |
| 30 | KS - Skyndihjálp, hópur 1 | Sauðárkrókur | 11 | 11 | 18 | 198 | 7 | 4 |
| 31 | KS - Skyndihjálp, hópur 2 | Sauðárkrókur | 14 | 14 | 18 | 252 | 4 | 10 |
| 32 | KS - Skyndihjálp, hópur 3 (námsk. 9) | Sauðárkrókur | 10 | 10 | 18 | 180 | 6 | 4 |
| 33 | KS - Skyndihjálp, hópur 4 (námsk. 7) | Sauðárkrókur | 10 | 10 | 18 | 180 | 6 | 4 |
| 34 | KS - Skyndihjálp, hópur 5 (námsk. 8) | Sauðárkrókur | 17 | 17 | 18 | 306 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|----|---|-----------------|------------|------------|-------------|--------------|------------|------------|
| 35 | KS - Skyndihjálp, hópur 6 Kjarninn | Sauðárkrókur | 10 | 10 | 6 | 60 | 0 | 10 |
| 36 | KS - Skyndihjálp, hópur 7 (KS Varmahlíð) | Varmahlíð | 9 | 9 | 18 | 162 | 7 | 2 |
| 37 | Leikskólaliða og stuðningsfulltrúabré | Sauð./Blö. | 16 | | | 0 | 15 | 1 |
| | Íslenska 633 | | | 8 | 40 | 320 | | |
| | Leikur sem náms og þroskaleið | | | 6 | 40 | 240 | | |
| | Þroskaþættir og hreyfing | | | 9 | 40 | 360 | | |
| 38 | Office 365 m/ Skype for business | Sauðárkrókur | 2 | 2 | 6 | 12 | 1 | 1 |
| 39 | OneNote og Outlook | Sauðárkrókur | 9 | 9 | 4,5 | 40,5 | 7 | 2 |
| 40 | Ræktun kryddjurta | Blönduós | 10 | 10 | 2,5 | 25 | 9 | 1 |
| 41 | Ræktun kryddjurta | Sauðárkrókur | 12 | 12 | 2,5 | 30 | 12 | |
| 42 | Ræktun matjurta | Blönduós | 10 | 10 | 4,5 | 45 | 8 | 2 |
| 43 | Ræktun matjurta | Sauðárkrókur | 14 | 14 | 4,5 | 63 | 10 | 4 |
| 44 | Skagafjörður - Excel 1 | Sauðárkrókur | 11 | 11 | 20 | 220 | 11 | |
| 45 | Skagafjörður - Excel 3 | Sauðárkrókur | 9 | 9 | 20 | 180 | 9 | 0 |
| 46 | Skagafj - Heilsuefl - hreyf Varmahlíðarsk | Varmahlíð | 22 | 22 | 4,5 | 99 | 20 | 2 |
| 47 | Skagafjörður - Heilsuefling - næring | Sauðárkrókur | 27 | 27 | 6 | 162 | 27 | 0 |
| 48 | Skagafj - Heilsuefling - hreyfing 25. apríl | Sauðárkrókur | 18 | 18 | 4,5 | 81 | 17 | 1 |
| 49 | Skagafj - Heilsuefling - hreyfing 27. apríl | Sauðárkrókur | 14 | 14 | 4,5 | 63 | 14 | |
| 50 | Skrautskrift | Sauðárkrókur | 12 | 12 | 15 | 180 | 11 | 1 |
| 51 | Skrautskrift | Blönduós | 15 | 15 | 15 | 225 | 13 | 2 |
| 52 | Skref til sjálfshj seinni hluti (útlendingar) | Hvammstangi | 8 | 5 | 30 | 150 | 8 | 0 |
| 53 | Starfslokanaámskeið | Sauðárkrókur | 18 | 18 | 3,75 | 67,5 | 17 | 1 |
| 54 | Svæðisleiðsögn - fyrri hluti | Sauð./Blö./Hvt. | 9 | 9 | 132 | 1188 | 6 | 3 |
| 55 | Tölvunámskeið fyrir SSNV (15.02) | Hvammstangi | 7 | 7 | 12 | 84 | 3 | 4 |
| 56 | Víravirki, byrjendur | Sauðárkrókur | 6 | 6 | 13,5 | 81 | 5 | 1 |
| 57 | Víravirki framhald | Sauðárkrókur | 5 | 5 | 13,5 | 67,5 | 5 | 0 |
| 58 | Viskí - Veisluhöld í viskílandi | Sauðárkrókur | 15 | 15 | 4,5 | 67,5 | 1 | 14 |
| 59 | Windows 10 | Sauðárkrókur | 3 | 3 | 3 | 9 | 2 | 1 |
| 60 | Tölvunámskeið eldri borgarar | Sauðárkrókur | 8 | 8 | 3 | 24 | 6 | 2 |
| 61 | Tölvunámskeið eldri borgarar | Sauðárkrókur | 7 | 7 | 3 | 21 | 4 | 3 |
| 62 | Þjónustunámskeið - enska | Blönduós | 11 | 11 | 10 | 110 | 8 | 3 |
| | | | | | | 0 | | |
| | | | 653 | 704 | 1365 | 14138 | 501 | 152 |

| Farskólinn - námskeið á haustönn 2017 | | | | | | | | |
|---------------------------------------|---|-------------|-----|-----|------|-------|-----|------|
| | Heiti námskeiðs | Hvar | Nem | Nem | Kest | Nemst | Kon | Karl |
| 1 | Félagliðabréf | Sa./Bl./Hv. | 14 | 14 | | | 14 | 0 |
| | Félagleg virkni | | | 10 | 45 | 450 | | |
| | Öldrun | | | 9 | 45 | 405 | | |
| | Fötlun | | | 3 | 45 | 135 | | |
| | Fjölskyldan og félagleg þjónusta | | | 1 | 45 | 45 | | |
| 2 | Albert eldar Blönduós 25.10.2017 | Blönduós | 11 | 11 | 4,5 | 49,5 | 5 | 6 |
| 3 | Albert eldar Sauð 27.09.2017 | Sauð | 9 | 9 | 4,5 | 40,5 | 9 | |
| 4 | Dyraverðir | Sauð | 11 | 11 | 19,5 | 214,5 | 5 | 6 |
| 5 | Fjölmennt - Jóga | Sauð | 4 | 4 | 12 | 48 | 3 | 1 |
| 6 | Fjölmennt - Silfursmíði | Sauð | 2 | 2 | 6 | 12 | 2 | |
| 7 | Fjölmennt - Velliðan í vatni | Sauð | 4 | 4 | 15 | 60 | 4 | |
| 8 | Fjölmennt - Velliðan í vatni | Sauð | 4 | 4 | 15 | 60 | 2 | 2 |
| 9 | Frá umsókn til atvinnu | Sauð | 5 | 5 | 13,5 | 67,5 | 1 | 4 |
| 10 | HSN - Gæðahandbók 30. nóv | Sauð | 3 | 3 | 1,5 | 4,5 | 3 | |
| 11 | HSN - Innri vefur | Sauð | 7 | 7 | 1,5 | 10,5 | 6 | 1 |
| 12 | HSN - Innri vefur 30. nóv | Blönduós | 5 | 5 | 1,5 | 7,5 | 3 | 2 |
| 13 | HSN - One not og Outl, 17.10.2017 | Sauð | 6 | 6 | 4,5 | 27 | 5 | 1 |
| 14 | HSN - vinnustund 9. okt | Blönduós | 5 | 5 | 1 | 5 | 5 | |
| 15 | HSN - vinnustund 9. okt | Sauð | 16 | 16 | 1 | 16 | 15 | 1 |
| 16 | HSN - Windows, tölvun 17.10. 2017 | Sauð | 4 | 4 | 3 | 12 | 3 | 1 |
| 17 | HSN - Office 365 tölv, 17.10.2017 | Sauð | 5 | 5 | 6 | 30 | 4 | 1 |
| 18 | HSN - Verkir og verkjameðferð | Sauð | 8 | 8 | 10,5 | 84 | 8 | |
| 19 | HSN - Gæðahandbók 30. nóv | Blönduós | 6 | 6 | 1,5 | 9 | 4 | 2 |
| 20 | Íslenska fyrir útl, nr. 3 2017 (Sara) | Sauð | 12 | 12 | 60 | 720 | 8 | 4 |
| 21 | Íslenska nr. 4 2017 Sauð (Nanna) | Sauð | 9 | 9 | 60 | 540 | 6 | 3 |
| 22 | Ísl nr. 5 2017, Blö (Anna Margret) | Blönduós | 8 | 8 | 60 | 480 | 6 | 2 |
| 23 | Íslenska nr. 6 2017, Hvam (Sigrún) | Hvammst | 9 | 9 | 60 | 540 | 4 | 5 |
| 24 | Nám og þjálfun í alm bókl greinum | Sauð | 16 | | | | 5 | 11 |
| | Samskipti og námstækni | | | 10 | 15 | 150 | | |
| | Enska | | | 6 | 40 | 240 | | |
| | Stærðfræði | | | 11 | 40 | 440 | | |
| 25 | Office 365 Tölvunáms 16.10.2017 | Sauð | 6 | 6 | 6 | 36 | 3 | 3 |
| 26 | One note og Outl,tölvu 16.10.2017 | Sauð | 6 | 6 | 4,5 | 27 | 4 | 2 |
| 27 | Skagaf - Andl vell í starfi, 15. nó Hópur 1 | Sauð | 9 | 9 | 3 | 27 | 9 | |
| 28 | Skagafj - Andl vell í starfi - 16. nóv Hópur 2 | Sauð | 12 | 12 | 4,5 | 54 | 11 | 1 |
| 29 | Skagafj - Andleg vell í starfi - 16. nóv Hóp 3 | Sauð | 14 | 14 | 4,5 | 63 | 14 | |
| 30 | Skagafj - Andl vell í starfi hóp 1 skólal 6. okt. | Sauð | 18 | 18 | 3 | 54 | 18 | |
| 31 | Skagafj - Andl vell í starfi hóp 2 skólal 6. okt. | Sauð | 15 | 15 | 3 | 45 | 13 | 2 |
| 32 | Skagafj - Heilsuefling næring 4. nóv hóp 3 | Sauð | 11 | 11 | 3 | 33 | 10 | 1 |
| 33 | Skagafj - Heilsuefl næring hóp 1 skólal 6. okt | Sauð | 15 | 15 | 3 | 45 | 13 | 2 |
| 34 | Skagafj - Heilsuefl næring hóp 2 skólal 6. okt | Sauð | 18 | 18 | 3 | 54 | 18 | |
| 35 | Skagafj - Heilsuefling næring 3. nóv hóp 1 | Sauð | 18 | 18 | 3 | 54 | 18 | |
| 36 | Skagafjörður - Heiluefl næring. 14.08.2017. | Varmah | 13 | 13 | 3 | 39 | 13 | |

| | | | | | | | | |
|----|---|--------------|------------|------------|------------|-------------|------------|-----------|
| 37 | Skagafj - líkamsb og vinnut hópur 1, 25. okt | Sauð | 6 | 6 | 2,25 | 13,5 | 5 | 1 |
| 38 | Skagafj - líkamsb og vinnut hópur 3, 25. okt. | Sauð | 5 | 5 | 2,25 | 11,25 | 5 | |
| 39 | Skagafj- líkamsb og vinnut hópur 2, 25.okt | Sauð | 9 | 9 | 2,25 | 20,25 | 9 | |
| 40 | Stéttarfélag - Fljóta - slaka - njóta | Hvamm | 11 | 11 | 6 | 66 | 11 | |
| 41 | Stéttarfélag - Fljóta - slaka - njóta | Blönduós | 12 | 12 | 6 | 72 | 12 | |
| 42 | Stéttarfélag - Konfektgerð 1 | Sauð | 15 | 15 | 3 | 45 | 13 | 2 |
| 43 | Stéttarfélag - Konfektgerð 2 | Sauð | 15 | 15 | 3 | 45 | 14 | 1 |
| 44 | Stéttarfélag - Konfektgerð 3 | Blönduós | 13 | 13 | 3 | 39 | 12 | 1 |
| 45 | Stéttarfélag - Konfektgerð 4 | Hvammst | 11 | 11 | 3 | 33 | 11 | |
| 46 | Stéttarfr – Næringarfr Blön 11. nóv. | Blönduós | 13 | 13 | 3 | 39 | 12 | 1 |
| 47 | Stéttarfr – Næringarfr. Sauðárkróki | Sauð | 4 | 4 | 3 | 12 | 4 | |
| 48 | Svæðisleiðsögn - síðari hluti | Sau./Bl./Hv. | 9 | 9 | 132 | 1188 | 6 | 3 |
| 49 | Viskínámsk með Snorra 13.10.2017 | Sauð | 14 | 14 | 4,5 | 63 | | 14 |
| 50 | Windows, tölvunám. 16.10.2017 | Sauð | 5 | 5 | 3 | 15 | 3 | 2 |
| | | | | | | | | |
| | | | 480 | 514 | 857 | 7156 | 391 | 89 |